

1. bekkur stærðfræði kennsluáætlun 2019-2020 eftir áramót

Kennarar: Mundína Valdís Bjarnadóttir; Sara Ósk Halldórsdóttir; Sigríður Karlsdóttir

1

Markmið - Hvað ætlum við að læra?

Tölur og reikningur

- Skrifa tölustafi upp í 20.
- Þekkja talnavini upp í 10.
- Samlagning og frádráttur.
- Telja upp í 20 áfram og aftur á bak.
- Telja af teningi og nota tening í tengslum við stærðfræði

Tölfræði

- Flokkað myndir og hluti eftir mismunandi eiginleikum og einkennum.
- Fundið fjöldann í hverjum flokki með talningarstrikum og tölustöfum.

Rúmfræði

- Form (þá sérstaklega hring, ferning, rétthyrning og þríhyrning)
- Klukkan
- Einfaldar mælingar (t.d. með blýöntum og bréfaklemmum)

Stærðfræðilegar umræður/spurningar/gátur

- Algeng hugtök stærðfræðinnar
- Mynstur, geta séð mynstrið og halda áfram með mynstrið.
- Geti áætlað út frá daglegu lífi stærðfræði (t.d. fjölda dekkja á bíl)
- Geti unnið lausnir á léttum stærðfræðigátum
- Stærðfræðispil

Námsefni - Hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

Sproti 1A, nemendabók.

Sproti 1B, nemendabók. Sproti 1B, æfingahefti.

Ljósrit og útprentanir úr völdum hæfniviðmiðum/markmiðum sem nefnd eru hér að ofan.

Kennsluaðferðir - Hvernig vinnum við í kennslustundum?

Nemendur hjálpast að þegar við á og ræða sín á milli.

Vinna saman í pörum, litlum hópum og eftir borðum.

Hringekjur með ýmist stærðfræðispilum, eða stærðfræðileikjum.

Læra að nota hlutbundin gögn.

Rannsóknarspurningar þegar við á og gátur.

Námsmat - Hvað og hvernig nám og vinna metin?

Könnun á þáttum sem unnið er með, símat, virkni í umræðum, sjálfsmat, gátlistar.

GF stærðfræði 1. bekkur - Að geta spurt og svarað með stærðfræði

- Tekið þátt í samræðum um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði.
- Rökrætt af innsæi um stærðfræðiverkefni sem tengjast eigin reynsluheimi, rökstutt niðurstöður sínar, val á lausnaleyðum og fylgt röksemdafærslu annarra.
- Leyst stærðfræðiþrautir sem gefa tækifæri til að beita innsæi, notað ápreifanlega hluti og eigin skýringamyndir.
- Sett fram, meðhöndlað og túlkað einföld reiknilíkön, talnalínur, teikningar og myndrit sem tengjast umhverfi hans og daglegu lífi.

GF stærðfræði 1. bekkur - Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar

- Túlkað og notað einföld stærðfræðitákn, þar með talið tölur og aðgerðamerki og tengt þau við daglegt mál.
- Tekið þátt í samræðum um stærðfræðileg verkefni.

GF stærðfræði 1. bekkur - Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

- Unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna, þar sem byggt er á hugmyndum nemenda.
- Lesið og rætt um einfaldar upplýsingar, þar sem stærðfræðihugtök eru notuð.
- Notað stærðfræði til að finna lausnir á verkefnum sem takast þarf á við í daglegu lífi og gerir sér grein fyrir verðgildi peninga.

GF stærðfræði 1. bekkur - Tölur og reikningur

- Notað náttúrlegar tölur, raðað þeim og borið saman.
- Reiknað með náttúrlegum tölum á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt.

GF stærðfræði 1. bekkur - Algebra

- Kannað, búið til og tjáð sig um reglur í talnamynstrum og öðrum mynstrum á fjölbreyttan hátt og spáð fyrir um framhald mynsturs, t.d. með því að nota líkön og hluti.

GF stærðfræði 1. bekkur - Rúmfræði og mælingar

- Notað hugtök úr rúmfræði, s.s. um form, stærðir og staðsetningu til að tala um hluti og fyrirbrigði í daglegu lífi og umhverfi sínu.

GF stærðfræði 1. bekkur - Tölfræði og líkindi

- Safnað gögnum í umhverfi sínu og um eigið áhugasvið.
- Tekið þátt í umræðum um tilviljanir og líkur, s.s. hvað er líklegt að muni gerast og hvað er tilviljunum háð.